

Stjórnarfundur 7. mars 2026 – haldinn í félagsheimili Borgfirðings

Fundur settur : 18:00

Mætt eru : Ísólfur, Valdimar, Heiða Dís, Þorsteinn, Elisabeth, Kristján, Þórdís, Sigríður Ása

1) Tilnefning til íþróttamanns UMSB

Kristín Eir Hauksdóttir Holaker var tilnefnd sem íþróttamaður UMSB.

2) Framkvæmdastyrkur v. félagsheimilis – staða

Frestur fyrir styrkinn var veittur til 1.ágúst næstkomandi.

3) Kynbótasýningar

Formaður hefur verið í samskiptum við hrossaræktarráðunaut varðandi kynbótasýningu á Vesturlandi. Fyrir liggur að hún verður haldin á Miðfossu í júní.

4) Fjármál – staða og horfur

Verið er að vinna í því að gjaldkeri fái prókúru, RSK fór í dag að klára að skrá inn breytingar á stjórn í Fyrirtækjaskrá og allt á að smella saman á næstu dögum.

5) Gjaldskrár Faxaborgar og félagsheimilis

Ráðast þarf í það auglýsa vel nýja gjaldskrá fyrir reiðhöllina. Kynna vel að það sé frítt inn í reiðhöll eftir klukkan 16:00.

6) Aðgangur að Abler og Sportfeng

Farið var yfir hverjir eru með aðgang að Abler og Sportfeng.

7) Fundargerð reiðhallarnefndar frá des.

Fögnum því að fá fundargerðir frá nefndum, rætt var um erindið þar sem að Hjólreiðarfélag Vesturlands var að biðja um aðgang að reiðhöll til þess að nota til æfinga, reiðhallarnefnd vísaði því til stjórnar að klára að afgreiða það mál og koma áfram til formanns HjólVest. Stjórnin sér ekki flöt á því að samþykkja erindið.

8) Nefndir – skipting nefnda á stjórnarmenn

Elisabeth Ýr - Mótanefnd.

Ísólfur og Valdimar - Umhverfis og vallarnefnd.

Þórdís - Fræðslunefnd

Heiðadís - Æskulýðsnefnd

Þorsteinn - Skemmtinefnd.

Aðrar nefndir biðja næsta stjórnarfundar.

9) Dansleikur síðasta vetrardag – framkvæmd

Byrjað lauslega skipuleggja ballið, fyrsta mál á dagskrá er að negla niður hljómsveit og hljóðkerfi.

10) Mótamál – úrtaka fyrir LH

Farið var yfir mótadagskrá frá Mótanefnd, og sameiginlega úrtöku, farið var yfir hverjir vilja vera með og mun mótanefnd hafa samband við félögin í nær sveitum.

11) Veitingasala á mótum í Faxaborg

Æskulýðsnefnd var búin að ræða það sín á milli að bjóða krökkum og foreldrum að sjá um sjoppuna á komandi mótum, þeir sem að taka þátt fá ágóðann úr sjoppunni til sín og geta notað á námskeiðum og fleira er varðar Hestamannafélagið, stjórninn var samþykk því að Æskulýðsnefnd mun sjá um sjoppuna.

12) Leiðbeinandi reglur um rekstur í hesthúsahverfum.

Athugað hvort við ættum að setja inn á síðuna einhverjar reglur um rekstur á svæðinu.

13) Önnur mál

Gjaldkeri fór aðeins yfir eitt og annað sem að hann sá þegar hann var að fara yfir reikninga og fleira sem að hafa verið borgaðir, og fékk svör við því.

Fundi slitið : 19:10